
Fréttabréf

Félags íslenskra atvinnuflugmanna
ágúst 2020



SVIFIÐ UM LOFTIN

Ljósmynd: Matthías Sveinbjörnsson

Meðal efnis:

Pistill frá formanni

Allt sem flýgur - magnaðar myndir

Alþjóðlegt samstarf

Flugöryggi: Fögur er Öskjuhlíðin

Stuðningur á erfiðum tímum



JÓN ÞÓR ÞORVALDSSON FORMAÐUR FÍA FÍA PRESIDENT

FORMANNSPÍSTILL

Kæru félagar,

Árið 2020 hefur verið okkur flugmönnum og flugfélögum um heim allan erfitt. Segja má að árið hafi verið undirlagt. Veira, sem í byrjun var tilefni til að fylgjast með, þróaðist hratt í heimsfaraldur sem engu eirði. Eftir 13. mars sl. var rekstrargrundvöllur flugfélaga farinn vegna ákvarðana stjórnmalamanna um lokanir landamæra.

Flest flugfélög heimsins róa nú lífróður til að tryggja tilveru sína í breyttum heimi. Flugfélögin sem starfa hjá hér á Íslandi eru þar engin undantekning. Áhrifa faraldursins hefur gætt hjá öllum okkar flugrekendum en mest hafa þau verið á starfsemi Icelandair.

Um síðustu mánaðamót misstu flestir flugmenn og flugstjórar Icelandair sem eftir voru starf sitt og eða stöðu. Einungis fjórðungur af flugmönnum á starfsaldurslista Icelandair heldur starfi eins og er. Það má því vera ljóst að þessir erfiðleikar sem við göngum nú í gegnum eiga sér enga hliðstæðu. Til samanburðar misstu um 25% flugmanna Icelandair vinnuna í kjölfar árásanna á tvíburaturnana í New York, 11. september 2001. Á þeim tíma var það mesta högg sem flugiðnaðurinn hafði orðið fyrir frá seinni heimsstyrjöld.

Flugmenn hafa lagst af fullum þunga á allar árar til að koma flugfélögum í gegnum þessar hremmingar svo að eftir hefur verið tekið. Forsvarsmenn flugrekenda hafa haft samband og þakkað framlag flugmanna sem hefur gert hið ómögulega mögulegt. Það er ljóst að flugfélögin geta treyst á flugmenn sína nú sem fyrr. Það eru mikil verðmæti fólgin í reynslu og tryggð flugmanna FÍA við sína vinnuveitendur.

Það er mér ljúft og skylt að bera flugmönnum Icelandair sérstakar þakkir frá forstjóra og mannaútskjórnara fyrirtækisins, fyrir stuðninginn sem flugmenn hafa sýnt fyrirtækinu í verki undanfarna mánuði. Það hefur reynt gríðarlega á þennan hóp í því óvissuástandi sem varað hefur.

Öll él birtir þó upp um síðir. Sagan kennir okkur að íslensk flugfélög hafa verið mjög sveigjanleg og fljót að bregðast við breytingum. Okkur hefur jafnan vegnað vel eftir niðursveiflur og verið fljót að ná vopnum okkar á ný þegar tækifærin gefast. Viðsýrnan hefur jafnan verið hraðari en í öðrum löndum. Helsta ástæða þess er smæð okkar og lipurð í samanburði við stærri alþjóðleg flugfélög.

Það er því tilefni til bjartsýni á framhaldið hafandi söguna í huga. Þó svo að mótvindurinn sé mikil um sinn tel ég að við munum fá meðbyr að sama skapi innan skamms. Fram undan er mikið starf uppbyggingar. Við munum finna leiðir til að tryggja flugrekstur á Íslandi og störf okkar um leið. Blómlegur flugrekstur hefur verið einn mikilvægasti þátturinn í íslensku efnahagslífi um langt skeið og mun áfram verða.

Jón Þór Þorvaldsson
Formaður FÍA

Dear colleagues,

2020 has proven to be difficult for pilots and flight operators alike across the globe. A virus, that at first seemed something to watch, quickly developed into a global epidemic, sparing no one. After March 13th. The operational basis for airlines had vanished, due to political decisions to close borders.

Most airlines are now struggling for their existence in an altered world. Icelandic airlines are no exception, and Icelandair has felt this more than most.

Last month, most Icelandair captains and co-pilots lost either their job or were demoted. Only a quarter of the seniority list remains as of now. The troubles we're seeing now has no parallel. In comparison, only 25% of Icelandair pilots lost their jobs following the attacks on the Twin Towers in 9.11.2001, at the time, it was the crisis the aviation industry had faced since WWII.

Pilots have worked hard to help their airline through these difficulties, so much that it has been noted. Airline representatives have been in touch to thank pilots for their effort, which has made the impossible possible. It is clear that the airlines can count on their pilots, now as before. There is great value in the experience and loyalty of FÍA pilots to their employers.

I am happy to bring special thanks to Icelandair pilots from the CEO and head of Human Resources for the support the pilots have contributed with their actions over the past months. This group has been under an enormous pressure, in these times of uncertainty.

But the sun will rise again. History has taught us that Icelandic airlines have been extremely flexible and quick to react to changes. We have usually done well after a downturn, and be quick to rally when opportunities arise. Our return has usually been swifter than that of other countries, due to our size and agility in comparison with larger airlines.

There is therefore reason to be optimistic, given history. Although we are flying against the wind right now, I feel it will soon be at our backs. Ahead lies much work to rebuild. We will find ways to ensure flight operations in Iceland, including our jobs. Healthy flight operations have for quite a while been one of the most important aspect of the Icelandic economy, and will continue to be so.

Jón Þór Þorvaldsson
FÍA President

FRÉTTABRÉF FÍA

Ritstjórn og umbrot: Bryndís Nielsen, bryndis@fia.is
Forsíðumynd og myndasýpur: Matthías Sveinbjörnsson
Útgefandi: Félag íslenskra atvinnuflugmanna, ágúst 2020

Fréttabréf FÍA er vettvangur félagsmanna og stjórnar FÍA til að miðla upplýsingum og fróðleik til flugmanna. Skoðanir einstakra greinarhöfunda endurspeglar ekki endilega opinbera afstöðu FÍA til einstakra málefna.
Öll notkun efnis úr Fréttabréfi FÍA heimil gegn því að heimilda sé getið.

FRÉTTAMOLAR

Til hamingju Ernir!

Eins og margir hafa eflaust orðið varir við fagnar Flugfélagið Ernir 50 ára afmæli um þessar mundir og óskar FÍA félaginu innilega til hamingju með hálftrar aldar markið! Að þessu tilefni hefur félagið boðið upp á 50% afslætti í sumar, sem hefur vonandi komið mörgum landanum vel.

Það er ekki síður fagnaðarefni að Ernir hefur ekki sagt upp neinum flugmanni á þessum Covid 19 tímum - geri önnur félögu betur!

Frá Armeníu til LA

Icelandair hefur nú tekið að sér leiguflug milli Armeníu og Los Angeles, en slíkir samningar eru viðurkenning á samkeppnishæfni okkar flugmanna og kemur á göðum tíma fyrir alla.

Flugmennt rýs upp á ný

Flugskólinn Flugmennt hefur verið endurvakið og hlaut skólinn kennsluréttindi nýlega. Að flugskólanum standa Stefán Davíð Helgason og Björn Bragi Björnsson (báðir hjá ICE).

Congratulations, Ernir!

As most aviation enthusiasts know, Ernir is now celebrating its 50th anniversary and FÍA sends its sincere congratulations. To celebrate, the airline has offered a 50% discount this summer, which has no doubt served the people of Iceland well this summer. a record summer of travelling inside the island!

We should also celebrate the fact that Ernir hasn't had to resign a single pilot during these difficult Covid times - a unique feat in the world of aviation these days!

From Armenia to LA

Icelandair has signed an agreement to operate a charter flight between Armenia and Los Angeles. Agreements such as these are an acknowledgement of the professionalism of our pilots, and comes at a good time for us all.

Flugmennt awakens

Flugmennt flight school has now been re-awakened, and was awarded teaching rights just recently. The flight school is operated by two ICE pilots: Stefán Davíð Helgason and Björn Bragi Björnsson.



KOSNINGAR TIL STJÓRNAR EFÍA PENSION FUND ELECTIONS

Kosið var til stjórnar EFÍA, bæði aðalstjórn og varastjórn, ásamt kosningu um breytingar á samþykktum í rafrænum kosningum í sumar. Kosningunni lauk þann 19. júní og var kjörsókn nokkuð góð, en 41,52% sjóðfélaga tóku þátt. Kjör til aðalstjórnar hlaut Salvör Egilsdóttir og kjör til varastjórnar hlutu Úlfar Henningsson og Arna Óskarsdóttir.

Breytingar á samþykktum staðfestar

Mikill meiriluti kaus fylgjandi breytingum á samþykktum: 421 kusu með en á móti voru 13. Fjármálaráðuneytið hefur nú staðfest þær breytingar og nýjasta útgáfa samþykpta EFÍA er nú aðgengileg á vefsvæði sjóðsins, www.efia.is.

Með breytingum á samþykktum nú er opnað á þann möguleika fyrir sjóðfélaga EFÍA að greiða áfram til sjóðsins á meðan þeir fá greiðslur frá Vinnuálastofnun eða Fæðingarorlofssjóði. Þá er jafnframt opnað á það að sjóðfélagar EFÍA geti greitt áfram til sjóðsins, tímabundið, af launum frá vinnuveitanda utan FÍA.

E-voting for the board of the EFÍA Pension Fund took place this summer, as well as voting on changes to the Fund's bylaws. The voting was concluded on June 19th, with good participation, or 41.52%. Salvör Egilsdóttir was voted on the board, and the reserve members voted in were Úlfar Henningsson and Arna Óskarsdóttir.

Changes to bylaws confirmed

A great majority voted for the proposed changes of the bylaws: 421 for and 13 against. The Ministry of Finance has now confirmed these changes, and the latest version of FÍA's bylaws is now accessible online on www.efia.is

The changes now open up the possibilities that EFÍA members can continue to contribute to the fund while receiving payments from the Directorate of Labour or the Parental Leave Fund. EFÍA fund members can now also continue to contribute to the fund temporarily, while working for an employer outside of FÍA.

ÖRYGGISMÁL

Ingvar Tryggvason, formaður öryggisnefndar skrifar:

FÖGUR ER ÖSKJUHLÍÐIN

Um miðja síðustu öld var Öskjuhlíðin berangursleg, en starfsmenn Flugmálastjórnar hófust handa við að gróður-setja tré uppúr 1950. Síðan þá hefur trjágróður vaxið og dafnað vel, en það skapar alvarlegan vanda næst flugvellið.

RNAV aðflug að braut 31 Reykjavíkflugvelli er svo gott sem ónothæft vegna trjágróðurs í Öskjuhlíð. Aðflugið er orðið mjög bratt, 4.45° í stað 3° og aðflugslágmark sett fram sem „circling minima“ upp á 660 fet eina mílu frá brautarendu.

Þetta mál hefur verið á borði ÖFÍA um nokkurt skeið og kom síðast til umræðu á reglubundnum fundi ÖFÍA og Isavia í sumar. Starfsmenn Isavia eru í mjög góðu samstarfi við garðyrkjustjóra Reykjavíkur og stöðugt er unnið að því að fella tré í hlíðinni, en það gengur of hægt.

Hér er um mjög alvarlega almannahagsmuni að ræða. Eina fullbúna hátækni sjúkráhusið sem þjóðin hefur bolmann til að reka er í Reykjavík og þangað þarf fólk að komast fljótt og örugglega hvaðan sem er af landinu. Íbúi hvaða sveitarfélags sem er getur orðið fyrir slysförum hvar á landinu sem er. Burðarásinn í sjúkraflygi á Íslandi er Beechcraft King Air skrufubotan, hraðfleyg vél búin jafnþyrsti- og afísingarbúnaði sem auðveldlega má fljúga yfir hálendi Íslands í nánast öllum veðrum.

RNAV aðflugið inná braut 31 er sérlega mikilvægt eftir að braut 06/24 var lokað. Það verður ekki ofsögum sagt að aðflugsferlar inná Reykjavíkflugvöllu sé þjóðaröryggismál og það er augljóst að vinna verður bót á þessum vanda fyrir næsta vetur.

Flugvöllur allra landsmanna

Á 200 ára afmælishátíð Reykjavíkur þann 18. ágúst 1986 komst borgarstjóri svo að orði um Reykjavík: „...en það má aldrei gleyma því að hún hefur hlotið ómælda næringu frá landinu öllu og hún er sem höfuðborg landsins sameign allra landsmanna. Allir landsmenn eiga hlutdeild í vexti hennar og viðgangi. Allir landsmenn eiga sitt tilkall til hennar.“

Málfeini Reykjavíkflugvallar koma oft og reglulega upp. Síðastliðið haust undirrituðu borgarstjóri og samgönguráðherra yfirlýsingu sem bætist í safn bókana, samkomulaga og samninga um flugvöllinn. Rauði þráðurinn í haustsamkomulaginu er sá að Reykjavíkurborg tryggir ótruflað rekstraröryggi Reykjavíkflugvallar þangað til annar flugvöllur, jafn góður eða betri, er tilbúinn til notkunar.

Eins og okkur er í fersku minni undirrituðu innanríkisráðherra og borgarstjóri samkomulag í fjórum liðum þann 25. október 2013: 1) Braut 06/24 skyldi lokað; 2) Isavia fengi að reisa nýbyggingu; 3) ný aðflugsljós að braut 13 skyldu tekin í notkun; og 4) nauðsynlegur fjöldi trjáa í Öskjuhlíð felldur í

þágu flugstarfsseminnar. Tvö af þessum fjórum atriðum hafa verið efnd að fullu.


Ný aðflugsljós að braut 13 hafa enn ekki verið sett upp, þó vann Reykjavíkurborg deiliskipulagið árið 2016 og var það samþykkt athugasemdalest. Það er fagnaðarefni að íbúar í vesturbænum geri ekki athugasemdir við uppsetningu búnaðar í þágu flugöryggis.

Það er alþekkt að aðilar geri með sér skiptasamninga, þú færð þetta þegar ég fæ hitt. En að stjórnálamenn geri með sér hrossakaupasamkomulag sem varðar flugvalla- og flugöryggismál, þykir okkur ógeðfellt, sérstaklega þegar langvarandi vanefndir eiga sér stað.




Mynd: Egill Ibsen

Ingvar Tryggvason, formaður ÖFÍA



CHANGES: RNAV STRAIGHT-IN - IN REMOVED. PROCEDURE NAME EDITORIAL

MISSED APPROACH:
CLIMB ON COURSE
310° TO INGOX AND HOLD
AT 2400



OCA (H)	A	B	Remarks:
CIRCLING	660 (615)	660 (615)	

SAFETY ISSUES

Ingvar Tryggvason,
Chair of the Safety Committee
writes

THE BIRK SITUATION

Around the middle of last century, the Öskjuhlíð hillside was barren. The employees of the Civil Aviation Administration started planting trees there in the 1950s and since then a small forest has flourished there, causing quite a problem so close to the airport.

The RNAV approach to runway 31 in Reykjavík airport is almost unusable due to the height of the trees in Öskjuhlíð. The approach has become very steep, 4.45° instead of 3°, and the approach minimum is published as a circling minima of 660 feet, one mile from the end of the runway.

This issue has been a concern for the FÍA Security Committee (ÖFÍA) for quite a while, and was last discussed in the Committee's regular meeting with Isavia this summer. Isavia employees are in good contact with the chief gardener of Reykjavík, and trees are constantly being cut down, but the progress is too slow.

The matter is of serious concern to the public health. The only fully equipped high-tech hospital the country has the ability to operate is in Reykjavík, and people need to get there quickly and safely from all over the country. People can have accidents anywhere in the country, no matter where you live. The backbone in the aviation ambulance service in Iceland is the Beechcraft King Air, a fast and pressurised turboprop with anti-icing equipment that makes it able to fly across the highlands in almost any kind of weather.

The RNAV approach to runway 31 is extremely important after runway 06/24 was closed. We cannot overstate how important the approaches to Reykjavík airport are for national safety and it is clear we must fix this problem before winter comes.

Airport of the whole country

At Reykjavík's bicentennial celebration, on 18. August 1986, the Mayor spoke clearly about the city: „...but we must never forget that it has received nourishment from the whole country, and the capital is the property of all the people of the country. Everyone has a share in its growth and success. All inhabitants of the country have a claim in it.“

The issues of Reykjavík airport arise both frequently and regularly. Last fall, the Mayor and the Minister of Transport issued a statement that joins a collection of intents, deals and agreements about the airport. The mainstay in the fall agreement is that the city of Reykjavík should ensure an uninterrupted operational safety of Reykjavík Airport until such a time comes that another airport, as good or better, is ready to take over its role.

We have not forgotten the four-part agreement, signed by the Minister of the Interior and the Mayor on 25. October 2013: Regarding the closing down of runway 06/24; that Isavia could erect new facilities; that new approach lights on runway 13 be installed; and that the necessary number of trees should be removed in Öskjuhlíð to ensure the operation of the airport. Two of these four parts have been fulfilled. New approach lights on runway 13 have not been installed, although the City changed the zoning plans in 2016 without objections. We are happy that inhabitants of the area did not raise any objections to the planned installation of this equipment in the interests of flight safety.

It is well known in politics that there are trade-offs, tit for tat. But that politicians should make such deals when it comes to aviation safety is quite abhorrent, particularly when a backlog develops.

HÆTTURNAR LEYNAST VÍÐA

Hin undurfagra skúta Hetairos lá á pollinum á Akureyri í byrjun júlí. Sannarlega mikið augnayndi. Fremra siglutréd er hinsvegar 205' hátt og var skútan færð eftir að vinsamleg ábending var send Isavia.

DANGERS LIE IN MANY AREAS

The beautiful sailboat Hetarios lay at anchor by the Pollur in Akureyri in early July, bringing joy to many. However, the mast is 205' high, and therefore the boat had to be moved after a friendly pointer to Isavia.





SVIFIÐ
UM
LOFTIN
BLÁ...



Myndir: Matthías Sveinbjörnsson

Spennan leynir sér ekki hjá Matthíasi og fjölskyldu þegar belgurinn hófst á loft.



SVIFIÐ UM LOFTIN BLÁ...

Í tengslum við flughátíð Flugmálafélags Íslands, Flughátíðin Allt sem flýgur 2020 sem haldin var 10.-12. júlí á Helli og Íslandsmótið í flugi 2020 átti Flugmálafélagið í samstarfi við Icelandair Cargo, Hertz á Íslandi, Linde Gas ehf. og Hotel Rangá og fengu atvinnumenn á sviði loftbelgjaflygs til landsins, H2 ballooning, með Dominik Haggeneý sem flugstjóra.

Gafst áhugasömum færi á að fljúga í belgnum sem var vægast sagt stórkostleg upplifun, og ekki spillti veðrið fyrir.

Matthías Sveinbjörnsson, forseti Flugmálafélagsins og framkvæmdastjóri FÍA, fór vitaskuld í belginn ásamt fjölskyldu sinni og tók þessar mögnuðu myndir.



FRÁ ALÞJÓÐANEFND

FROM THE INTERNATIONAL COMMITTEE

FÍA er meðlimur í þónokkrum flugmannasamtökum, bæði alþjóðlegum, evrópskum og skandinavískum. Hér að neðan eru þau talin upp ásamt stuttri lýsingu á starfi og hlutverki hvers og eins þeirra.

FÍA is a member of various international pilots' organisation, international, European and Scandinavian. Here is a list of these along with a short description on how they operate and what their role is.

ITF INTERNATIONAL TRANSPORT WORKERS' FEDERATION

Alþjóðlegu flutningamannasamtökin eru gríðarlega stór samtök fólks sem starfar á sviði flutninga í lofti, á láði og legi. Samtökin samanstanda af um 700 stéttarfélögum frá 150 ríkjum og eru meðlimir samtakanna yfir 20 milljón einstaklingar, þar með talið allir flugmenn FÍA. Skipast samtökin niður í deildir og hefur FÍA í fjölmörg ár verið virkur þátttakandi í starfi flugdeilarinnar.

The International Transport Workers' Federation (ITF) is a democratic, affiliate-led federation recognised as the world's leading transport authority, connecting nearly 20 million working men and women in 700 affiliated trade unions from 150 countries. FÍA has been an active member of ITF's Civil Aviation sector for many years.

NTF NORDIC TRANSPORT WORKERS' FEDERATION

Norrænu flutningamannasamtökin eru svipað uppbyggð og ITF en eru minni í sniðum og samanstanda af stéttarfélögum fólks sem starfar á sviði flutninga á Norðurlöndum. Meðlimir eru um 400.000 talsins frá 47 stéttarfélögum. Flugfreyjufélag Íslands (FFÍ) og Flugvirkjafélag Íslands (FVFÍ) eru einnig aðilar og hefur FÍA unnið náið með þeim í störfum fyrir NTF í áráraðir. Höfum við m.a. haldið nokkra fundi samtakanna hér á landi.

Similar to ITF but focused on the Nordics, the NTF is an association of 47 transport workers' trade unions from Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden. The affiliated trade unions organise 400,000 transport workers, in seven industrial sections. Other unions include the Icelandic Cabin Crew Association (FFÍ) and the Aviation Mechanic's Union (FVFÍ), and FÍA has collaborated with them in working for NTF for years, including hosting several of the Federation's meetings.

ECA EUROPEAN COCKPIT ASSOCIATION

Evrópsku flugmannasamtökin eru frábrugðin þeim fyrrnefndu á þann hátt að í þeim eru einungis flugmenn. Samtökin voru stofnuð árið 1991 og eru fulltrúar yfir 40.000 flugmanna frá 33 Evrópuríkjum. ECA kemur fram sem fulltrúi evrópskra flugmanna gagnvart Evrópusambandinu og á sæti í ýmsum hagsmuna- og vinnuhópum bæði ESB og EASA. ECA leggur mikinn metnað í að hafa áhrif á evrópska löggjöf á sviði flugmála á undirbúningsstigi og eins að kalla eftir úrbótum þar sem þörf er á. Yfirbygging samtakanna er mjög lítil og fastir starfsmenn fáir. ECA reiðir sig þannig á vinnuframlag frá fulltrúum aðildarfélaganna og sjá fastir starfsmenn frekar um yfirsýn og skipulag. FÍA á fulltrúa í fjölmörgum vinnuhópum samtakanna og leggjum við mikla áherslu á að halda uppi góðu tengslaneti við evrópska félag okkar. Þessi samráðsvettvangur hefur reynst okkur ómetanlegur í gegnum tíðina.

ECA differs from the Federation mentioned above in that it only for pilots. Founded in 1991, it represents over 40,000 pilots in 33 European countries. ECA represents European pilots vis-a-vis the European Union, and has a seat in several interest and working groups of both the EU and EASA. ECA works to improve European policies in all areas of aviation that affect pilots in the early stages, and also calls for reform when needed. Its superstructure is small with few employees, who mainly handle oversight and organisation, depending on great work contribution from the representatives of the pilots' unions. FÍA has representatives in several ECA working groups, and we put a great emphasis on maintaining a good network relationship with our European colleagues. This platform has proven itself to be quite invaluable over the years.

IFALPA INTERNATIONAL FEDERATION OF AIRLINE PILOTS

IFALPA eru stærstu samtök flugmanna á heimsvísu. Þau koma fram sem fulltrúi yfir 100.000 flugmanna frá um 100 ríkjum og hefur IFALPA sterka rödd innan alþjóðastofnana á borð við ICAO. FÍA tekur virkan þátt í starfi nokkurra vinnuhópa innan samtakanna og sækir reglulega fundi víða um heim ásamt því að halda IFALPA nefndarfundi hér á landi. Við höfum sótt ráðgjöf til samtakanna í margskonar aðstæðum og höfum í gegnum samstarfið aðgang að samanburðargögnum allsstaðar að úr heiminum.

IFALPA is the largest organisation of pilots worldwide. It represents over 100,000 pilots from around 100 countries, and has a strong voice within international institutions like ICAO. FÍA actively participates in several working groups within the Federation and regularly attends meetings around the world, as well as hosting IFALPA committee meetings in Iceland. We have sought consultation from IFALPA in various circumstances, and through it we have access to comparative data from across the globe.

WITH THE INTERNATIONAL MEDIA GRABBING A HOLD OF THE STORY THAT “ICELANDAIR PILOTS ARE REPLACING CABIN CREW”, WE HAVE RECEIVED A NUMBER OF QUESTIONS FROM OUR COLLEAGUES. HERE ARE THE FACTS:

UNION NEGOTIATIONS WITH ICELANDAIR IN TIMES OF COVID 19

Like most airlines across the globe, Icelandair has faced severe problems in the wake of the Covid 19 pandemic. The company has had to lay off a large part of its employees, including pilots, for an uncertain period of time.

To be able to refinance, the airline also had to renegotiate CLAs with pilots, cabin crew and mechanics.

In May, the Icelandic Airline Pilots' Association (FÍA) and the Icelandic Aircraft Mechanics' Association signed new CLAs with Icelandair. However, negotiations with the Icelandic Cabin Crew Association took longer and were fought hard by both sides.

NEGOTIATIONS AT AN IMPASSE

The Icelandic Cabin Crew Association had been negotiating with Icelandair for 18 months when a new CLA was signed last June, offering competitive salaries, terms and benefits.

After the signing, the Cabin Crew Negotiation Committee asked to change the CLA, mainly two paragraphs, which Icelandair refused to do. The Association's Negotiation Committee and Board then spoke against the freshly signed contract, which resulted in it being rejected by 72.6% of the votes.

Icelandair tried yet again to reach out but the two parties seemed to be at a complete impasse. Facing possible bankruptcy due to Covid 19, Icelandair decided they could not afford to spend more time on the negotiations as the time of refinancing was

approaching. The company summoned representatives of the Icelandic Airline Pilots' Association (FÍA), stating that they would negotiate a new CLA with another Icelandic union for their cabin crew: If needed, for a short period, they might assign pilots to assume critical safety and security duties on board Icelandair aircraft.

Icelandair then laid off all its cabin crew, with the intent of seeking discussions with other unions. Note that their intention was not to hire contractors.

The Cabin Crew Association responded by calling for a general strike, which would have halted all flights during an extremely vulnerable time for the airline.

WHAT WERE THE PILOTS' REACTIONS?

Referring to its management rights, Icelandair then published a revision to the OM-A which clarified what qualifications flight crew members needed to possess to be able to perform safety duties of a cabin crew member and announced that it would schedule flight crew in this capacity for a limited period of time, while negotiating with another cabin crew union.

FÍA's CLA paragraph 02-5 states that pilots shall participate and attend any course the company deems necessary to maintain and/or increase pilots qualification.

On those grounds, FÍA did not refuse outright, but stated that it would seek legal council.

Although wishing to remain neutral, it should be mentioned that FÍA had by this point offered the Cabin Crew Association assistance in regards to the negotiations twice, but such offers were refused.

The situation was intensely delicate, with the loss of income for several hundreds of employees at stake, as well as the possible bankruptcy of the airline. Therefore FÍA wished to be certain on all legalities before taking any drastic measures.

Discussions with legal advisors had barely begun when the Cabin Crew Association reached out to Icelandair and the two finalised a CLA which has now been approved, and dismissals were subsequently withdrawn.

HIGHER CABIN CREW COST

The Icelandic Cabin Crew Association has long had a highly competitive CLA with Icelandair, with good salaries and working conditions. As such, being a cabin crew member has been a sought after position, also amongst people with postgraduate degrees.

Icelandair had higher crew costs than its competitors, which it needed to lower in order for the company to be considered an eligible investment for new investors.

LEGAL ISSUES

The dispute started a legal discussion in Iceland and the result seems to be that this kind of measure would have been legal. The main act regarding disputes such as this one is an Icelandic act on Trade Unions and Industrial Disputes, No. 80/1938.

Since the Cabin Crew Association had not taken any formal industrial actions against the company, legal experts believe that the aforementioned legislation did not prohibit the company from taking this approach; using pilots in the cabin.

But as the dispute did not go through arbitration or other courts, we have no final answer on legality.

Of course the action would have been a union bust in its worst form, which we as a union cannot support. However, halting all operations at this point in time would likely have been a death-blow to the company and hence all jobs of Icelandair's employees.

FÍA is extremely happy that the issue was resolved in time. The dispute, even though hard fought on both sides, ended well in a mutual agreement, ratified by the vast majority of the Icelandic Cabin Crew Association members.

NO PASSENGER FLIGHTS TOOK PLACE WHERE PILOTS REPLACED THE CABIN CREW

VANTAR ÞIG AÐSTOÐ?

Óvissa og uppsagnir eru viðurvæðid í flugiðnaði um þessar mundir og eiga fjölmargir flugmenn og fjölskyldur þeirra um sárt að binda.

Aldrei er góð vísa of oft kveðin og því vildum við áréttta enn og aftur þann stuðning sem sjúkra-sjóður FÍA og stoðnefndin bjóða félagsmönnum upp á.

SJÚKRASJÓÐUR Sálfræðipjónusta

Sjúkrasjóðurinn býður félagsmönnum, mökum og börnum þeirra, að sækja sér aðstoð að hámarki fimm skipti hjá eftirfarandi aðilum:

Líf og sál sálfræðistofa

Bóka þarf tíma hjá Líf og sál (www.lifogsal.is) og greina frá því að FÍA greiði reikninginn.

Ef óskað er eftir meðferð barna þá þarf að taka það fram við pöntun.

Rudólf Adolfsson geðjúkrunarfræðingur

Sími: 821-1299.

Sérhæfir sig í áfallahjálp, senda skal reikninginn til FÍA.

Aðrar sálfræðistofur

Félagsmenn geta nýtt sér hvaða sálfræðipjónustu sem þeir kjósa en þá þurfa þeir að leggja út fyrir kostnaði og sækja svo um endurgreiðslu að frádregnum skatti.



STOÐNEFND JAFNINGJASTUÐNINGUR

Stoðnefnd FÍA veitir flugmönnum andlegan stuðning á jafningjagrundvelli. Öll mál sem berast til stoðnefndar eru bundin fullum trúnaði.

Fólk hefur leitað til stoðnefndar vegna alls konar vandamála, t.d. ástvinamissis, skilnaðar, gjaldþrots, ástarsorgar, áfengisvanda og simmakviða.

Það er engin skömm að leita sér hjálpar og hver og einn getur haft samband við hvaða stoðnefndarfulltrúa sem er, sjá nöfn og númer hér til hægri.

AA

AA fundir flugmanna fara fram á hverjum miðvikudegi kl. 20:00 á Hótel Loftleiðum.

Einar Dagbjartsson, (form./chair)	863 6357
Jóhanna Guðný Gylfadóttir	861 9202
Jón Viðar Magnússon	898 2621
Valur Hlíðberg	895 8685
Stefán P. Þorbergsson	861 4175
Högni B. Ómarsson	899 7570
Þórarinn Ingason	840 2123
Eggert Sæmundsson	899 9559

NEED SOME HELP?



Uncertainty and resignations are facing a great number of people within the flight industry these days, and many pilots and their families are having a rough time.

We would therefore like to remind you yet again of some of the options or help FÍA members can reach out for at this difficult time.

FÍA SICKNESS FUND Mental Health and Wellbeing

The FÍA Sickness fund supports its members, their spouses, and children in seeking mental health, with a maximum of five sessions with the following:

Líf og sál psychologists' office:

When you book an appointment with Líf and sál (www.lifogsal.is) you must specify that the invoice should be directed to FÍA. Please notify if the booking is for a child.

Rudólf Adolfsson

psychiatric nurse

Tel: +354 821-1299.

He specialises in trauma therapy, invoice sent to FÍA.

Other mental health professionals

FÍA members can use whatever psychological service providers they please, but they must then pay for the services and apply for a refund, minus the tax.

SUPPORT COMMITTEE PEER SUPPORT

The FÍA Support Committee provides peer support for pilots.

Everything you discuss with a member of the Support Committee is in full confidentiality.

People look to the Support Committee for a variety of reasons, e.g. loss of a loved one, divorce, bankruptcy, heartbreak, alcohol problems, and anxiety in relation to simulator efficiency checks.

There is no shame in seeking help, feel free to contact any of the members on the list here below.

Einar Dagbjartsson, (form./chair)	863 6357
Jóhanna Guðný Gylfadóttir	861 9202
Jón Viðar Magnússon	8982621
Valur Hlíðberg	895 8685
Stefán P. Þorbergsson	861 4175
Högni B. Ómarsson	899 7570
Þórarinn Ingason	840 2123
Eggert Sæmundsson	899 9559

AA

AA pilot meetings are held on Wednesdays at 20:00 in Hótel Loftleiðir.



Allt sem flýgur / Íslandsmótið í flugi

Hápunktur flugsumarsins var í júlí þegar Íslandsmótið í flugi og Flughátíðin Allt sem flýgur fór fram á Hellu. Matthías Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri FÍA og forseti Flugmálafélagsins var vitaskuld á staðnum og með myndavélina!

